



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD



STÖÐUSKÝRSLA FRÁ SAMHÆFINGARSTÖÐINNI

Dags: 29.08.2014 Kl.: 07.00 Varðar: Eldgos í Holuhrauni

Meginatriði:

- Sprungugos hófst rétt eftir miðnætti nyrst í Holuhrauni norður af Dyngjujökli
- Almannavarnastig hefur verið hækkað og er nú starfað á neyðarstigi
- Talið er að hraun renni til suðausturs og talið er að öskuframleiðsla sé óveruleg
- Veikur gosórói sést á jarðskjálftamælum í samræmi við hraungos
- Veðurstofa hækkar litakóða fyrir flug úr appelsínugulum í rauðan

Almannavarnastig:

Ríkislögreglustjóri í samráði við lögreglustjóran á Húsavík hefur fært almannavarnastig af hættustigi yfir á neyðarstig.

Samhæfingarstöðin:

Samhæfingarstöðin í Skógarhlíð hefur verið virkjuð. Þar fer fram samhæfing aðgerða og upplýsingagjöf vegna jarðhræringanna og eldvirkinnar í Holuhrauni og kringum Bárðarbungu.

Eldvirkni:

Sprungugos er hafið norður af Dyngjujökli, nyrst í Holuhrauni Gosið hófst um miðnætti (u.þ.b. 00:02) m.v. vefmyndavélar og jarðskjálftagögn. Gosið sést ekki á radar og talið er að öskuframleiðsla sé óveruleg. Vísindamenn á svæðinu telja að gosið sé nokkra km norður af sporði Dyngjujökuls, og að hraun renni úr sprungu sem er talin um 1 km löng til suð-austurs og virðist renna hratt. Veikur gosórói sést á jarðskjálftamælum í samræmi við hraungos án verulegrar sprengivirkni. Engin merki sjást um jökulhlaup.

Litakóði fyrir flug er rauður.

Vísindamenn sem verið hafa við störf skammt frá gosinu fylgjast með því í öryggri fjarlægð. Áætlað flug TF-SIF er klukkan 09:30.

Gosið sést á vefmyndavél Mílu

<http://www.livefromiceland.is/webcams/bardarbunga/>

Flug

Veðurstofan hefur hækkað litakóða fyrir flug úr appelsínugulu í rautt.

Flugstjórnarmiðstöðin í Reykjavík skilgreindi hættusvæði byggt á SIGMET VÍ umhverfis eldstöðina í samræmi við upplýsingar frá Veðurstofu Íslands. Þegar nánari upplýsingar um gosið bárust minnkaði ISAVIA hættusvæðið fyrir flug og lækkað það niður í 5000 feta hæð frá jörðu, úr 18000 fetum. Svæðið hefur einnig verið skilgreint sem haftasvæði sem þýðir að flug annarra en vísindaflug með flugvél Landhelgisgæslunnar, TF-SIF, er bannað. Allir áætluarflugvellir landsins eru opnir.

Engar flugvélar voru á svæðinu þegar eldgossins varð var í nótt. ISAVIA hefur virkjað viðbragðsáætlun vegna áhrifa öskudreifingar á flug.

Fundur og samstarf:



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD



Samhæfing aðgerða heldur áfram í Samhæfingarstöðinni í Skógarhlíð og hefur stöðin verið fullmönnuð. Vísindamenn funda og fara yfir nýjustu upplýsingar sem safnað hefur verið úr tækjum og meta ástandið.

Lokað svæði:

Lokanir eru í gildi á hálendinu norðan Vatnajökuls sem og í Jökulsárgljúfrum að Dettifossi, vestan megin. Lögregla og hópar frá björgunarsveitum á Norðausturlandi sinna lokunum inn á mögulegt áhrifasvæði gossins. Hópur sem var á hálendisvakt björgunarsveita í Landmannalaugum styrkir lokanir á Gæsavatnaleið. Á fjórða tug björgunarsveitamanna taka þátt í aðgerðum sem stendur.

Hægt er að nálgast kort með lokunum á vefsíðu Vegagerðarinnar á slóðinni <http://www.vegagerdin.is/media/umferd-og-faerd/Halendi.pdf> (ATH gæti þurft að afrita slóðana og líma inn í vafra)

Upplýsingar:

Mönnun er í Samhæfingarstöðinni og þar eru veittar upplýsingar og fyrirspurnum svarað. Fjölmiðlateymi er á vakt og er með netfangið info@sst.is og síma 570 2643/44.

www.safetravel.is upplýsingasíða Slysavarnafélagsins Landsbjargar er uppfærð reglulega.

Næsta stöðuskýrsla:

Næsta stöðuskýrsla verður send út með tilliti til þróunar mála í Holuhrauni.

Ríkislögreglustjórnin almanna- og varnadeild www.almannavarnir.is